

Vestmannaeyjabær
Dagný Hauksdóttir
Tangagötu 1
900 Vestmannaeyjar

Reykjavík, 21. desember 2023
UST202312-171/A.B.
10.04.00

Efni: Umsögn - Framkvæmdarleyfi - Vatnslögn til Vestmannaeyja

Vísað er til erindis skipulags- og umhverfisfulltrúa Vestmannaeyjabæjar er barst 18. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar vegna fyrirhugaðra framkvæmda á lögn vatnslagnar til Vestmannaeyja.

Í erindinu kemur fram Vestmannaeyjar hafa verið settar á hættustig almannavarna vegna skemmda á vatnslögn sem sér öllu samfélaginu fyrir vatni. Sem stendur lekur lögnin en mögulegt er að hún gæti rofnað frekar eða farið alveg í sundur með þeim afleiðingum að vatnsafhending í Vestmannaeyjum myndi stöðvast að fullu.

Ef að vatnslögnin rofnar, sérstaklega um miðjan vetur, er ljóst að íbúabyggð og atvinnustarfsemi Vestmannaeyja er afar berskjölduð. Mögulega munu koma upp aðstæður þar sem bráðra og umsvifalausra aðgerða verður þörf til að lagfæra vatnslögnina. Til að undirbúa að viðgerðir á vatnslögninni geti gengið eins hratt fyrir sig og mögulegt verður, er vilji Almannavarnardeildar Ríkislögreglustjóra að hefja jarðvegsvinnu á landi áður en lögnin rofnar.

Auk þess kemur fram að besti kostur fyrir landtöku er talinn vera í Gjábakkafjöru og að síðan verði vatnsvæði leitt eftir ströndinni í vestur og í gegnum hraunnesið, Brimnes. Landtaka innviða í Vestmannaeyjum er flókin t.d. vegna afar mikils landhalla (kletta) neðansjár, grófs sjávarbotns, sterkra sjávarstrauma og landbrots. Einnig er talið óheppilegt að innviðir liggi innarlega í Vestmannaeyjahöfn þar sem dýpi er minna og skipaumferð mikil. Lögnin er einnig færð austar til að lagnaleið í land verði sem styðst ef lögnin rofnar.

Einnig segir í erindinu að hraun og jarðmyndanir á svæðinu njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 og Brimnes er á Hverfisvernduðu svæði. Vestmannaeyjabær hefur hafið vinnu við skipulagsáætlanir vegna framkvæmdarinnar og einnig hafið samtal við Skipulagsstofnun. Það er þó mjög ólíklegt að hægt verði að ljúka skipulagsáætlunum áður en nauðsynlegt verður að hefja framkvæmdirnar. Skipulagsgögn verða send á næstu dögum.

Samfélagið hefur verið sett á hættustig almannavarna sem er gert til þess að efla viðbúnað neyðar- og öryggisþjónustu á svæðinu ásamt því að grípa til fyrirbyggjandi aðgerða. Í ljósi þessara aðstæðna er óskað eftir umsögn Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar

vegna útgáfu framkvæmdaleyfis fyrir umræddri aðgerð. Einnig er óskað eftir forgangi afgreiðslu þegar skipulagsgögnin liggja fyrir.

Sérstök vernd náttúruverndarlaga og náttúruminjaskrá

Eins og kemur fram í erindinu bendir Umhverfisstofnun á að hraunið á svæðinu nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Auk þess er svæðið á náttúruminjaskrá og nefnist það Helgafell og Eldfell, Eldfjöllin bæði, hluti af nýja hrauninu og Flakkarinn við Skans og svæðinu lýst sem stórfenglegu landslagi og fræðandi um myndun og mótun lands.

Að mati Umhverfisstofnunar er hraunjaðarinn með hátt verndargildi.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um hraunið við gerð framkvæmdaleyfis og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask á hrauni sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á hrauni þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Að mati Umhverfisstofnunar mun framkvæmdin valdi óafturkræfu raski á hraunnesinu, Brimnes, sem nýtur sérstakrar verndar, og er á náttúruminjaskrá, en eins og kemur fram að ofan er það mat Umhverfisstofnunar að hraunjaðarinn hafi hátt verndargildi. Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að skoðaðir séu allir raunhæfir valkostir til að vernda hraunjaðarinn og ná markmiðum framkvæmdarinnar sem fjallað er um erindinu.

Því þarf, í samræmi við ofangreint ákvæði náttúruverndarlaga, að koma fram við gerð framkvæmdarleyfisins hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á hrauninu.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum

mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Lagning neðansjárleiðslna

Umhverfisstofnun vill benda á að lagning sæstrengja og neðansjárleiðslna er háð samþykki Umhverfisstofnunar samkvæmt [lögum nr. 33/2004](#) um varnir gegn mengun hafs og stranda og [reglugerð nr. 600/2018](#) um heimild til lagningar sæstrengja og neðansjárleiðslna. Framkvæmdir skulu samræmast skipulagi samkvæmt skipulagslögum eða lögum um skipulag haf- og strandsvæða. Með umsókn til Umhverfisstofnunar um lagningu sæstrengs eða neðansjárleiðslu skulu fylgja eftirfarandi upplýsingar eins og við á hverju sinni:

- Lýsing á umfangi framkvæmdar og umfangi einstakra framkvæmdaþátta og uppdættir af staðsetningu og legu.
- Upplýsingar um gerð, tegund og tilgang lagningar viðkomandi sæstrengs eða neðansjárleiðslu.
- Upplýsingar um hvernig framkvæmd fellur að gildandi skipulagsáætlunum eða skipulagsstefnu á viðkomandi svæði.
- Lýsing á staðhættum á framkvæmdarsvæði.
- Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum eða ákvörðun Skipulagsstofnunar um að framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Hafrannsóknarstofnun

Umhverfisstofnun vill hvetja sveitarfélagið að leita einnig umsagnar hjá Hafrannsóknarstofnun.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

teymisstjóri